


Reykjavík í myndlist

Myndlistarmenn undirbúa nú þáttöku í sýningu í Kjarvalsstöðum, sem standa mun í vor og sumar og er í tilefni 200 ára afmælis borgarinnar. Skilafrestur er til 20. apríl.


Í tilefni 200 ára afmælis Reykjavíkur verður efnt til sérstakrar myndlistarsýningar á Kjarvalsstöðum og er ætlunin að hún fari fram í vestursal hússins á listahátíð. Samtímis verður Picassósýningin í austursalnum, sem dregur án efa að margt fólk og verður þá mikið um að vera í húsinu. Þess er vænst, að þátttaka listamanna í sýningunni verði mikil, enda búa flestir myndlistarmenn landsins í borginni. Yfirskrift sýningarinnar á að verða „Reykjavík í myndlist“, en myndefnið getur verið hvað eina, sem snertir borgina. Ekki bara myndir af húsum eða götum, heldur einnig af mannlífinu og borgarbragnum. Viðfangsefnið geta verið söguleg, ef einhverjir vilja horfa um öxl. Þau geta þar að auki náð yfir allt mögulegt, sem á einhverntíð tengist Reykjavík.

Til er bæði á söfnum og í einkaeign geysilegt magn myndlistar, sem tengist Reykjavík. Ásgrímur Jónsson málaði allmargar Reykjavíkurmyndir og flestir þekktu myndir Þorvaldar Skúlasonar og Snorra Arinbjarnar frá Reykjavíkurhöfn og mynd Kristínar Jónsdóttur frá Þvottalaugunum. En hér skal undirstrikað, að ekki er ætlunin að leita í þennan arf. Á sýningunni Reykjavík í myndlist eiga að vera nýjar myndir úr borginni, um hana, eða tengdar henni. Þessvegna má búast við því, að þetta verði forvitnileg sýning. Ætlast er til að sýningarnefndin geti átt eitthvert val og þessvegna hefur sú fróma ósk verið látin í ljósi, að listamenn sendi 3–5 myndir, sem valið yrði úr. Hinsvegar mun enginn gerður afturreka fyrir það eitt, að senda aðeins eina mynd, ef hún þykir að öðru leyti fullboðleg á sýninguna.

Í dómnefnd eru Ragna Róbertsdóttir og Eyjólfur Einarsson frá sambandi ísl. myndlistarmanna og Hulda Valtýsdóttir, skipuð af stjórn Kjarvalsstaða. Það skal tekið fram, að verkum á sýninguna þarf að skila til Kjarvalsstaða fyrir 20. apríl ásamt ítarlegum upplýsingum um viðkomandi verk og höfund.



Hús á Grímsstaðaholti eftir Nínu Tryggvadóttur, 1943. Talsvert er til af Reykjavíkurmyndum látinna listamanna, bæði úr borginni og mannlífinu, en þær verða ekki á þessari sýningu. Ætlunin er að fá á sýninguna nýjar og óþekktar myndir eftir núlifandi listamenn.



Skólavörðustígurinn. Teikning eftir Árna Elfar. Hann hefur líkt og Sigfús Halldórsson lagt sig eftir að gera myndir af einstökum götum og húsum. En ekki verða aðeins þesskonar myndir á Reykjavíkursýningunni, heldur hverskonar myndir þar sem borgin eða lífið í henni er myndefni.

ÚR MÍNU HORNI

FORELDRAHÚS

Hvernig byrjaði þetta? Svona eins og venjulega í vestfirskum sjávarþorpum. Barn, sem fæðist seinnipartinn í janúar 1917, hefur komið undir í apríl árið áður.

Hjónarúmið á heimili foreldra minna var í öðrum enda eins af tveimur herbergjum litla kofans þeirra, þar sem kallað var stofan. Hitt herbergið, sem var heldur minna, bar kannski enn virðulegra nafn. Það var nefnt verkstæðið. Hjónarúmið var óvenju breið mubla og fyllti raunar tæplega fjórða hluta gólfplássins. Við þann enda þess, sem alveg lá út í hornið, við höfðalagið, var nokkuð stór mynd í ramma, af Maríu mey í grænum og rauðum kjól með blóðrautt hjarta, og gulan geislabaug í lausu lofti yfir hárinu.

Rúmið var meðalmannglengt og við fótagaflinn komst því fyrir nokkurskonar hirsla, kista eða skápur og þar á veggnum var mynd í allbreiðum ramma. Hún var prentuð í svörtum lit og var af enskum eða skoskum bónda með uxa, sem hann beitti fyrir vagni. Til fóta í þessu vandaða

rúmi foreldra minna mátti jafnan, næstum því hvort sem var á nóttu eða degi, sjá tvo eða fleiri barnskolla gægjast undan sænginni, ef þeir sem þar lágu sváfu ekki í hnipri. Við höfðalagið rúmsins stóð svo vaggan og „var aldrei tóm“, eins og segir í einu kvæði þess sonar hjónanna, sem mest verður talað um í þessari grein.

Rétt við vögguna, en við höfðalagið rúmsins, stóð kommóða, yfir henni á útvegg stofunnar hékk spegill. Þá kom annar af tveimur gluggum vistarverunnar og undir honum borð og tveir stólar. Þar borðuðu gestir, þegar svo stóð á. Þá ber að nefna hitt rúmstæði þessa herbergis, öllu hversdagslegra en hitt. Það fyllti þó að mestu hinn enda herbergisins. Þó komst lítil bókaskápur við fótaenda rúmsins, og stóð raunar á gulmáluðum saumavélarskáp móður minnar, væri vélin víst ekki talin merkilegt nútíðarverkfæri. En slíkt tæki var þó ekki

til í hverju húsi á þeim árum, sem hér um ræðir.

BÓKASKÁPUR – SAUMAVÉL

Næst bókaskápnunum og saumavélinni opnuðust svo dyrnar fram í eldhúsið, en við förum ekki þangað strax. Við þessar dyr, á því litla bili sem varð, uns komið var hringinn að fótaenda hjónarúmsins, var lítill og ekki hár sívalur ofn. Þarna var steypur reyksháfur hússins og tengdi raunar saman stofur eldhús og hitt herbergið. Hann tók við reyk eldhúss og stofu og veitti dálftlum yl inn í aðalvistarveru barnanna, en þar var ekkert gólfpláss fyrir eldstæði. Það hafði um sinn verið verkstæði föður míns, sem var skósmiður að iðn, hýsti um skeið bæði vinnustað hans og afkomendur þeirra hjóna, uns yfir flóði.

En nú víkjum við enn að upphaflegu söguefni, Ætli faðir minn

hafi ekki orðið fyrri til að losa svefninn árla morguns þennan örlagaríka októberdag, sem ég tala um í upphafi máls míns? Hann átti bátkaenu og tveir kunnigjar hans réru oft með honum út á miðin. Móðir mín hefur varla vaknað, þegar þetta var orðið, það sem alltaf var að gerast að eðlis-lægu boði þess sem ræður á himni og jörðu. Hún fór jafnan seint í háttinn, börnin voru þegar orðin mörg.

Sá er þetta ritar var kominn á fullorðinsaldur þegar fyrir augu hans brá fyrst mynd af sköpunarsögunni, eða þeim hluta hennar, sem þá þótti mestum tíðindum sæta. Ég sá einhversstaðar í bók, sem ekki var höfð á glámbekk, mynd af tveimur fyrirferðarlitlum deplum á sömu blaðsíðu. Annað var kallað egg konunnar, hitt sæði karlsins. Löngu síðar, á tíð sjónvarpsins, sá ég að þetta var líkast hornsli með tifandi sporði. Undarlegt er lífið.

Ritað á afmælisdaginn minn í janúar 1986. Þetta gæti orðið framhaldssaga. Rúmsins vegna víkjum við að öðru.

ÚR ANNARRI ÁTT

Þess minnst ég vel frá dögum móður minnar og fósturu – og raunar fleiri alþýðukvenna, að þær gáfu hvor annarri við hátféleg tækifæri efni í kjól eða svuntu, og geymdu þetta svo á góðum stað mánuðum, jafnvel misserum saman, eins og þær gætu ekki af einhverjum ástæðum fengið sig til þess að gera alvöru úr því að koma því í flík.

Þegar svo gestir komu var kommóðuskúffa opnuð eða lyft loki af kistli eða kofforti, nafn gefandans nefnt: Sérðu hvað hún gaf mér, blessunin.

Ég hef líka svona sögu að norðan, úr átthögum konu minnar úr sveitinni þar sem hún ólst upp. Kona sem var á næsta bæ hafði sama háttinn á og alþýðukonurnar, sem ég þekkti fyrir vestan. Hún opnaði líka sína hirslu, sýndi efnin sín og aðra eftirlætishluti. Hún sagði: Margt gæti maður nú átt falllegt í kistu sinni, ef ekki þyrfti maður að borða.

JÓN ÚR VÖR